SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

STORGÅRDS STJÓRNAR BRUCKNER 2

19. NÓVEMBER 2026
ELDBORG HARPA



VELKOMIN

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKA

TÍMALENGD VERKA:

ÞRJÁR RÓMÖNSUR 10“
PÍANÓKONSERT 22“
SINFÓNÍA NR. 2 65“

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Reykjavík
Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið
SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

STORGÅRDS STJÓRNAR BRUCKNER NR. 2

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 19. NÓVEMBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINLEIKARI Á FIÐLU
JOHN STORGÅRDS

EINLEIKARI Á PÍANÓ
ALEXANDRA DARIESCU

CLARA SCHUMANN
3 rómönsur fyrir fiðlu og píanó, op. 22 (1853)
(úts. Bernard Rofe)
I. Andante molto
II. Allegretto
III. Leidenschaftlich schnell

CLARA SCHUMANN
Pínanókonsert í a-moll, op. 7 (1833–1835)
I. Allegro maestoso
II. Romanze. Andante non troppo con grazia
III. Finale: Allegro non troppo – Allegro molto

HLÉ

ANTON BRUCKNER
Sinfónía nr. 2 í c-moll (1872, útgáfa frá 1877)
I. Moderato
II. Andante: Feierlich, etwas bewegt
III. Scherzo: Mäßig schnell – Trio: Gleiches Tempo
IV. Finale: Mehr schnell

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

JOHN STORGÅRDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG FIÐLULEIKARI



Eins og tónleikar kvöldsins bera með sér á hljómsveitarstjórinn, John Storgårds, einnig feril sem fiðluleikari. Við Sibeliusarakademíuna hóf hann raunar fyrst fiðlunám og sem konsertmeistari vaknaði áhugi hans á hljómsveitarstjórn. Það varð til þess að hann hóf nám í hljómsveitarstjórnun við sömu stofnun. Hefur hann starfað sem hljómsveitarstjóri í 30 ár.

John Storgårds er nú aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníuhljómsveitar breska ríkisútvarpsins (BBC) og Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku. Hann er enn fremur listrænn stjórnandi Kammerhljómsveitar Lapplands en þeirri stöðu hefur hann gegnt í 30 ár. Frá og með starfsárinu 2026/27 tók hann við tveimur nýjum stöðum: sem aðalhljómsveitarstjóri Arts Centre-hljómsveitarinnar í Ottawa í Kanada og aðalhljómsveitarstjóri og listrænn ráðgjafi Junge Deutsche Philharmonie. Hann er reglulegur gestur hjá Berlínarfílharmóníunni, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Fílharmóníusveitinni í New York og Sinfóníuhljómsveitinni í Boston.

Fjölmargar upptökur eru til með John Storgårds, m.a. af finnskum hljómsveitarverkum, til að mynda eftir Melartin, Madetoja, Aho og Saariaho. Einnig hefur hann hljóðritað heildarsafn sinfónía Jeans Sibelius, Carls Nielsen, Pers Nørgårds og George Antheil. Sem stendur vinnur hann að því að taka upp allar sínfóníur Sjostakovítsj og hefur hlotið lof fyrir þær sem þegar eru komnar út. Meðal nýlegra ópera sem hann hefur stjórnað má nefna *Haustsónötuna* eftir Sebastian Fagerlund og *Loðhúfuóperuna* eftir Tapio Tuomela.

John Storgårds stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn árið 2012 þegar hann stjórnaði flutningi á fiðlukonsertum Szymanowskis nr. 1 og 2 ásamt fiðluleikaranum Christian Tetzlaff. Hann kom aftur árið 2017 og stjórnaði þá frumflutningi á Íslandi á *Fimm söngvum fyrir sópran og hljómsveit* eftir Hafliða Hallgrímsson með sópransöngkonunni Helenu Juntunen, ásamt sjöttu sinfóníu Sibeliusar.

ALEXANDRA DARIESCU

PÍANÓLEIKARI



Alexandra Dariescu kemur nú í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún var aðeins níu ára gömul þegar hún kom fyrst fram sem einleikari með sinfóníuhljómsveit heimaborgar sinnar Iași í Rúmeníu. 17 ára fluttist hún til Bretlands þar sem hún stundaði nám í píanóleik við RNCM í Manchester og svo framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum en einnig sótti hún oft akademíu Verbier-hátíðarinnar.

Árið 2017 vakti hún fyrst mikla athygli með verkinu *The Nutcracker and I* þar sem hún lék *Hnotubrjót* Tsjajkovskíjs við dans og tölvuteiknimynd. Sýningunni er ætlað að vekja einkum athygli barna og nýrri hópa áheyrenda á sígildri tónlist og hefur hún verið sýnd víða um heim í yfir hundrað skipti.

Alexandra Dariescu hefur myndað sterk tengsl við hljómsveitir eins og BBC-sinfóníuhljómsveitina, Sinfóníuhljómsveitina í London, Þjóðarhljómsveitina í Frakklandi og Konunglegu fílharmóníusveitirnar í Stokkhólmi, Ósló og Kaupmannahöfn. Einnig hefur hún unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Sakari Oramo, Vasily Petrenko og Cristian Măcelaru.

Alexandra Dariescu hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn. Einkum er hún þekkt fyrir flutning á tónverkum eftir tónskáld sem hafa fallið í gleymsku, og þá sérstaklega verk eftir konur. Þannig frumflutti hún nýuppgötvaðan píanókonsert Leokadiyu Kashperovu frá 1900 og dustaði rykið af *Fantasíum fyrir píanó og hljómsveit* eftir Nadiu Boulanger (1912) og George Enescu (1896). Auk þessa hafa fjórir píanókonsertar verið samdir sérstaklega fyrir hana.

Alls hefur Alexandra hljóðritað ellefu geisladiska, nú síðast píanókonsert Doreen Carwithen, en þar á undan píanókonsert Clöru Schumann, sem heyrist hér í kvöld, auk konserts Edvards Grieg. Frá 2024 hefur hún gegnt prófessorstöðu í píanóleik við gamla skólann sinn, Guildhall. Fyrir tilstilli Sinfóníuhljómsveitarinnar hélt Dariescu námskeið fyrir lengra komna píanónemendur í Menntaskóla í tónlist (MÍT) síðastliðinn þriðjudag þar sem fjórir nemendur nutu leiðsagnar heimspíanistans.

CLARA SCHUMANN

ÞRJÁR RÓMÖNSUR



TÓNLISTIN OG SÍ
Hvorugt verka Clöru hefur áður hljómað í flutningi SÍ.

Ekki er nema hálf öld síðan tónsmíðar Clöru Schumann (1819–1896) tóku að heyrast á ný í tónleikasölum. Arfleifð hennar sem píanóleikari var alla tíð kunn en tónsmíðum hennar höfðu fáir sinnt. Þó sýndi hún snemma mikla hæfileika á því sviði.

Foreldrar Clöru voru báðir píanókennarar í Leipzig en eftir að þau skildu 1824 sá faðir hennar, Friedrich Wieck, um píanónám hennar og kallaði til þekktustu sérfræðinga í Leipzig, Dresden og Berlín til að kenna henni á fiðlu og bóklegar greinar í tónlist, þ.á.m. tónsmíðar. Einnig stýrði hann einleikaraferli hennar barnungrar með strangri hendi og sá til þess að hún kynntist andans mönnum á borð við Goethe og samtímatónskáldum eins og Mendelssohn, Spohr og Schumann.

Gegn vilja föður hennar giftist hún þeim síðastnefnda 1841, eignaðist með honum átta börn næstu þrettán árin og varð að mestu leyti að sjá fyrir heimilinu með tónleikahaldi þar eð Schumann var oft líkamlega og andlega veikur. Því varð tími hennar til tónsmíða upp frá því takmarkaðri en á unglingsárum hennar.

Í umfjöllun um tónverk hennar er þeim stundum skipt í tímabilið fyrir tvítugt – með virtúós píanóstykkjum ellegar verkum af svipuðum toga og áðurnefnd tónskáld sömdu – og hjónabandsára hennar þegar hún semur meiri kammertónlist, með heldur alvarlegri undirtón en áður. Að Schumann látnum 1856 samdi hún svo gott sem ekkert.

Rómönsurnar þrjár sem heyrast í kvöld eru meðal síðustu tónsmíða Clöru, samdar þegar heimilisaðstæður buðu loks upp á næði til að sinna tónsmíðum eftir fimm ára hlé. Þær eru tileinkaðar fiðluleikaranum Joseph Joachim, sem hún lék löngum með, m.a. þetta verk. Sérstök stemning einkennir hverja rómönsu, laglína fiðlunnar jafnan frjálsleg og samtal píanósins við hana greinilega eftir afburða píanóleikara. Hér hljóma rómönsurnar í hljómsveitarútsetningu Bernards Rofe.

CLARA SCHUMANN

PÍANÓKONSERT

Á yfir 60 ára ferli sínum sem píanóleikari hafði Clara Schumann mótandi áhrif á form píanótónleika og hlutverk einleikarans. Það síðarnefnda snerist hjá henni um að fylgja ætlun tónskáldsins til hlítar fremur en að setja eigið mark á verk þess. Á efnisskrám urðu verkin færri en áður en þau valin af kostgæfni til að þau mynduðu saman sterka heild.

Píanókonsertinn er eina hljómsveitarverkið sem varðveist hefur eftir Clöru Schumann en fram að honum hafði hún útsett nokkur píanóverka sinna fyrir hljómsveit. Hún var enn 13 ára þegar hún hóf að semja lokakaflann og flutti hann fyrst sem stakt *Konzertstück.* Síðan bætti hún tveimur köflum við á undan honum.

Fyrsti þátturinn er hefðbundnastur og sækir í tónmál ýmissa samtímatónskálda á borð við Kalkbrenner, Hummel og Herz. Þetta er allhressilegt *allegro maestoso* (hratt og tignarlegt) með ýmsa hluta alfarið fyrir hljómsveitina eða einleikshljóðfærið og að formi til „hálf sónata“ þar eð úrvinnsluhlutann vantar að lokinni framsögu.

Við tekur rómansa sem hefst á einleik píanósins en síðan hefur einleiksselló samtal við píanóið. Þetta er stílbrigði sem bæði Schumann átti síðar eftir að nota í sellókonsert sínum og Brahms í 2. píanókonsertinum. Fyrir stjúpmóður sinni játaði hin 15 ára gamla Clara að hún væri ástfangin af sellóleikaranum August Theodor Müller og má líta á þetta sem bragð hennar til að nálgast hann, a.m.k. í tónlist.

Pákurnar leiða okkur inn í lokaþáttinn sem er jafnlangur hinum tveimur. Einleikarinn ræður för mestallan tímann þannig að minna fer fyrir samtali hans við hljómsveitina. Miklar kröfur eru hér gerðar til hans sem sýnir okkur hversu mikið vald á hljóðfærinu Clara hafði þegar öðlast í æsku.

Engin hlé eru milli þátta en það var nýlunda sem Felix Mendelssohn átti heiðurinn að með píanókonserti sínum frá 1831. Hann stýrði einnig Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig þegar Clara frumflutti konsert sinn 16 ára gömul.

ANTON BRUCKNER

SINFÓNÍA NR. 2



TÓNLISTIN OG SÍ
SÍ flytur nú 2. sinfóníu Bruckners í fyrsta sinn en til þessa hefur hún aðeins heyrst einu sinni hér á landi, þ.e. þegar Sinfóníuhljómsveit æskunnar flutti hana haustið 1989 undir stjórn Pauls Zukofsky. Raunar stóð til að Eva Ollikainen stjórnaði henni hér haustið 2020 en heimsfaraldur kenndur við Covid-19 kom í veg fyrir þá fyrirætlun sem og fleiri.

Sumarið 1871 hélt austurríska tónskáldið Anton Bruckner (1824–1896) í tónleikaferð til Lundúna. Þar hélt hann fjölda orgeltónleika, bæði í Albert Hall og Crystal Palace, fyrir alls 70.000 manns, að honum taldist, og var hampað sem stórstjörnu. Heimkominn til Vínar, þangað sem hann hafði nýlega flutt, hóf hann að semja sinfóníu sem átti eftir að verða fyrirmyndin að öllum næstu sinfóníum hans. Með þessu verki fann hann loks það sérstæða tónmál, form og stíl sem hann átti eftir að verða frægur fyrir.

Þótt hún heiti sinfónía nr. 2 er hún í raun sú fjórða sem hann lauk við; af þeim fyrri fengu tvær númerin 0 og 00. Bruckner lauk tröllaukinni hljómkviðu sinni innan árs og lýsti henni sem „lýríska“ eða ljóðrænni en gaf henni ekkert formlegt heiti af þeim toga. Og vissulega er hún bæði innilegri og háleitari en fyrri sinfóníur hans.

Bruckner mætti vissum hindrunum með nýsmíði sína, enda útvíkkar hann í henni hefðbundið sinfóníuformið. Hljómsveitarstjóri Vínarfílharmóníunnar neitaði að flytja verkið þar eð „ekki væri hægt að spila það“ og ákvað Bruckner þá að stjórna því sjálfur með sömu hljómsveit 1873 en velunnari kostaði flutninginn. Viðtökur áheyrenda voru afar jákvæðar, sem hefur m.a. verið skýrt með vissum líkindum verksins og 9. sinfóníu Beethovens. Seinna meir áleit Bruckner sjálfur þetta vera aðgengilegustu sinfóníu sína.

Tónlistargagnrýnendur sögðu hér á ferðinni áhrifamikið verk þar sem úði og grúði af fallegum hugmyndum. Þó væri tónsmíðin sem mósaík slíkra kafla og ekki nógu heildstæð. Til að bregðast við þessari gagnrýni endurskoðaði Bruckner verkið nokkrum sinnum, eins og hann gerði við flestar sinfóníur sínar. Einkum þótti notkun dramatískra þagna svo yfirdrifin í frumgerðinni að nafngiftin „Þagnasinfónían“ festist einnig við seinni gerðir hennar, sem höfðu þó að geyma mun færri þagnir. Aðspurður um þetta stílbragð svaraði Bruckner því til að þegar honum lægi mikið á hjarta þyrfti hann fyrst að draga andann.

Í kvöld hljómar gerð sinfóníunnar frá 1877 en af henni eru til þrjár útgáfur, sú nýjasta eftir William Carragan frá 2007. Má því ætla að rannsóknir og útgáfa á handritum Bruckners sé nokkuð atvinnuskapandi grein.

Fyrsti þátturinn hefst, eins og sú 9. eftir Beethoven, á lágværum órólegum fiðlutónum, en slíka byrjun má alloft finna í seinni sinfóníum Bruckners. Vanalega er unnið með tvö meginstef í upphafskafla sinfóníu samkvæmt svonefndu sónötuformi en hér eru meginstefin (eða stefjaklasarnir) þrjú: það fyrsta órólegt og brýst fljótt út í lúðraþyt; næsta meginstef er söngur (*Gesangsperiode*) sem sellóin leika og fiðlurnar spinna við áður en það þriðja hefst hjá blásurunum en það þykir sækja í tónmál Wagners. Stefin hljóma svo aftur en í ýmsum breyttum myndum. Í umfjöllun um þáttinn hafa skyndileg umskipti milli svipmynda þessa þáttar verið sett í samhengi við reynslu hins austurríska sveitabæjarmanns af milljónaborginni Lundúnum og er það kannski ekki vitlausari skýring en hver önnur.

Stemningin í öðrum þætti, Andante, er íhugul og skiptast meginstefin tvö á samkvæmt forminu A-B-A-B-A en hægu þættirnir í sinfóníum Bruckners áttu einnig eftir að fylgja því: Stef A leika einkum strengirnir en stef B hornið við undirleik plokkaðra strengja. Undir lok þáttarins vitnar Bruckner í Benedictus-kaflann úr f-moll messu sinni sem hafði nýlega verið frumflutt við góðar viðtökur. Þáttinn á að leika „hátíðlega“ (*feierlich*) og má jafnvel finna fyrir ákveðinni helgi í honum, enda tónskáldið þekkt fyrir sterka trú sína.

Scherzo-kaflinn átti upphaflega að koma á undan hæga kaflanum eins og í 9. sinfóníu Beethovens en fyrir frumflutninginn breytti Bruckner röðinni, ef til vill til að minna ekki um of á fyrirmynd sína. Tónlistin er ágeng og óhefluð en í miðjum kaflanum hljómar hugljúfur *Ländler*-dans sem hefur jafnvel verið lýst sem „ölvuðum“.

Lokaþátturinn, Finale, ber óvenjulega hraðamerkingu: *Mehr schnell* eða „meira hratt“ og kann það að vera talmál hjá Bruckner sem betri borgurum Vínar fannst heldur luralegur. Hins vegar sýnir tónlistin allt aðra hlið á honum þar sem skiptast á hratt og vígdjarft meginstefið með sterkum lúðraþyt og kyrrlátari hlutar sem ná einnig ástríðufullum hápunktum. Aftur vitnar Bruckner í f-moll messu sína, nú Kyrie-kafla hennar, en einnig í fyrsta og annan þátt sinfóníunnar og er það nýlunda hjá honum sem hann átti eftir að endurtaka í seinni hljómkviðum.

Egill Arnarson

Á DÖFINNI

HANNIGAN & HORSCH



FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER KL. 19:30

Blokkflautusnillingurinn Lucie Horsch leikur einleik í tveimur ólíkum verkum, fiðlukonsert Bachs í umritun fyrir blokkflautu og hljómsveit og ævintýralegu verki eftir Erkki-Sven Tüür. Barbara Hannigan stýrir einnig Sinfóníuhljómsveit Íslands í tveimur verkum nýklassíska tímans, Dumbarton Oaks eftir Stravinskíj og Klassísku sinfóníunni eftir Prokofíev.

HEIMSHORNA Á MILLI



LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 14:00

Barbara Hannigan, blokkflautusnillingurinn Lucie Horsch og hópur hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands bjóða tónleikagestum í spennandi óvissuferð þar sem þjóð- og dægurtónlist frá ólíkum heimshornum er borin fram.

SÖNGBÓK GUNNA ÞÓRÐAR



FIMMTUDAGUR 21. JANÚAR KL. 20:00

Helstu dægurperlur Gunnars Þórðarsonar hljóma í Eldborg þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrir af fremstu söngvurum þjóðarinnar leiða saman hesta sína. Á efnisskránni eru meðal annars Þitt fyrsta bros, Vetrarsól og Gaggó vest í sérstökum útsetningum fyrir sinfóníuhljómsveit. Hjörtur Páll Eggertsson stjórnar tónleikunum.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA
Sigrún Eðvaldsdóttir
Anton Miller
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Emma Garðarsdóttir
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Júlíana Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIÐLA
Sólveig Steinþórsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Matthías Stefánsson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir

VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Steina Kristín Ingólfsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Sarah Buckley

SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Júlía Mogensen

BASSI
Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

FLAUTA
Rafael Adobas
Caterina Compagno

ÓBÓ
Armand Djikoloum
Peter Tompkins

KLARÍNETT
Tomer Ornan
Grímur Helgason

FAGOTT
Bryndís Þórsdóttir
Sabina Aran Clota

HORN
Markus Maskuniitty
Emil Friðfinnsson
Jason Friedman
Yi-Ling Shih

TROMPET
Zach Silberschlag
Einar Jónsson

BÁSÚNA
Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA
David Bobroff

PÁKUR
Ginevra Palo

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI
Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HÁTÍÐLEG SINFÓNÍA



AÐVENTUTÓNLEIKAR

Heillandi tónleikar sem draga fram eftirvæntingu aðventunnar á einstakan hátt.

3. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

LITLI TÓNSPROTINN

Jólatónlist sem kemur allri fjölskyldunni í sannkallað hátíðarskap.

12. DESEMBER KL. 14 & 16
13. DESEMBER KL. 14 & 16
ELDBORG HARPA

VÍNARTÓNLEIKAR

Nýársveisla með léttri og skemmtilegri tónlist sem gefur tóninn fyrir nýtt ár.

7. JANÚAR KL. 19:30
8. JANÚAR KL. 19:30
9. JANÚAR KL. 16 & 19:30
ELDBORG HARPA

MIÐASALA Á SINFONIA.IS, Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050